

**Skipulagsráð Kópavogsbæjar**


B.t. Skipulagsstjóra  
Auðar Dagnýjar Kristinsdóttur  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogi

Reykjavík 21.05.2025

**DALVEGUR 32C / BYGGINGARÁFORM / FRUMDRÖG**

Í ljósi þess að fyrirhugaðar deiliskipulagsbreytingar fyrir lóðina Dalvegur 32 hafa fengið jákvæða umfjöllun og samþykki á öllum stjórnarsýslustigum Kópavogsbæjar leyfi ég mér fyrir hönd ÞG Verk að leggja inn til Skipulagsráðs Kópavogsbæjar **Byggingaráform/Frumdrög** vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á byggingarreit C auk áforma um frágang á allri lóðinni Dalvegur 32 í samræmi við ákvæði í gildandi deiliskipulagsskilmálum.

Það er von mín að Skipulagsráð sjái sér fært að fjalla um áformin á meðan deiliskipulagsbreytingarnar eru á síðustu metrum í samþykktarferli svo hægt verði að bregðast við hugsanlegum ábendingum Skipulagsráðs sem fyrst, en aðaluppdrættir eru nú á vinnslustigi og bundnar vonir við að hægt verði að leggja þá inn til embættis byggingarfulltrúa um leið og deiliskipulagið öðlast gildi.



Virðingarfyllt

Sigurður Halldórsson arkitekt fai